

M-72/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-72/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. júlí 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri Volkswagen bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir að bíllinn hafi verið gallaður og krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 12. ágúst 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 14. september. Hinn 16. september voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa keypt bifreiðina síðari part árs 2008. Samkvæmt orðum sölumanna seljanda var bíllinn nýlega ástandsskoðaður hjá seljanda og einnig skoðaður hefðbundinni bifreiðaeftirlitsskoðun. Kveður álitsbeiðandi að seljandi hafi haldið því fram að bíllinn væri í fullkomnu lagi.

Álitsbeiðnadi segir að nokkrum dögum eftir kaup hafi farið að bera á gangtruflunum ásamt því að bremsur að aftan hitnuðu óeðlilega mikið. Eftir símtal við seljanda fór álitsbeiðandi með bifreiðina á þjónustuverkstæði seljanda á Selfossi. Þar kom í ljós að bremsudiskar og bremsuklossar voru ónýtir, auk þess sem bremsudælur voru fastar. Skipt var um þessa hluti sem og þurrkumótor að aftan og „einhverja skynjara“. Álitsbeiðandi segir gangtruflanir hafi haldið áfram og vandræði með sjálfskiptinguna sömuleiðis. Bíllinn hafi stundum ekki viljað skipta sér niður og rykkti mikið þegar hann fór úr fyrsta í annan gír. Álitsbeiðandi segist því hafa hringt aftur til seljanda sem hafi beðið hann um að fara á ný með bíllinn á Selfoss. Þá hafi komið í ljós að olúsía, loftsía og frjókornasía voru fullar af skít og olían á bifreiðinni mjög sótug. Skipt var um alla þessa hluti og þótti álitsbeiðanda undarlegt að bifreiðin hafi komist í gegnum ástandsskoðun hjá seljanda í þessu ástandi. Ekki gekk að koma miðstöðinni í gang þannig að hún gaf engan hita inn í bíllinn. Til að komast til frekari botns í vandræðunum með sjálfskiptinguna og gangtruflanir fékk álitsbeiðandi tíma hjá seljanda í Reykjavík til að koma með bifreiðina í greiningu. Álitsbeiðandi segir að þar hafi komið í ljós alvarleg bilun í sjálfskiptingu. Þá hafi bifvéla virki reynsluekið bifreiðina til að rannsaka gangtruflanirnar. Álitsbeiðandi segir að bifvéla virkinn hafi orðið var við þær en gæti ekki fundið ástæður fyrir þeim. Álitsbeiðandi segir að bifvéla virkinn hafi þá ákveðið að endurstilla tölvu bifreiðarinnar og talið að þar með myndu gangtruflanirnar líklega hætta. Svo hafi hins vegar ekki verið.

Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að setja nýja sjálfskiptingu í bifreiðina og álitsbeiðandi myndi borga kr. 250.000 í þeim kostnaði en seljandi rest. Álitsbeiðandi segir að sér hafi fundist þetta slæmur kostur þar sem hann taldi sig ekki bera ábyrgð á skemmdum á sjálfskiptingunni. Hann hafi hins vegar samþykkt aðgerðina í gegnum síma. Álitsbeiðandi segir að í samskiptum sínum hafi hann ýmist verið í sambandi við menn frá seljanda eða frá bifreiðaumboðinu Z, eftir því hvert honum var vísað hverju sinni. Síðan á þessu stóð segist álitsbeiðandi vera búinn að skipta um rafmagnsleiðslur í opnanlegu hurðinni, glóðakerti, vatnsdælu ásamt því sem að A hafi skipt um einhverja skynjara í vélinni þar sem erfiðlega gekk að fá bílinn í gang á morgnanna. Álitsbeiðandi segist vona að lausn finnist í málinu og krefst þess að seljandi útvegi sjálfskiptingu og setji hana í bifreiðina álitsbeiðanda að kostnaðarlausu.

IV

Andsvör seljanda

Andsvör seljanda eru svohljóðandi:

„Bifreiðin xx-000 er af tegundinni Volkswagen Caravelle árgerð 2006, afgreiddur sem nýr bíll 14/12/2005. SP fjármögnun kaupir bílinn notaðan af Y 14/07/2008 fyrir hönd X. Bíllinn var þá ekinn 155.000 km.

Þann 17/10/2008 var pantaður tími í greiningu á bílnum. Var hann þá ekinn u.þ.b. 160.000 km. Var þá kvartað undan því að sjálfskipting skipti sér ekki rétt þegar ekið er með hraðastjórnun á inngjafarfetli, en eðlilega þegar skriðstillir er notaður. Þann 12/11/2008 er komið með bílinn til Y og tók tæknimaður Y bílinn til skoðunar og kom ekkert fram sem snéri að sjálfskiptingunni, en út fannst að báðir rafgeymar voru ónýtir og bilanir í olíumiðstöð og afturrúðupurrku voru greindar og voru þær bilanir teknar til lagfæringar á kostnað Y, er bíllinn kom til okkar og dvaldi hjá okkur 21-27/01/09. Við það tækifæri var bíllinn tekinn til ítarlegrar prófunar á sjálfsskiptingunni, enda hélt eigandinn kvörtun um hana á lofti. Í prófunartúrnum var meðal annars ekin leið sem eigandinn hafði tilgreint að truflunin kæmi fram á, í Kömbum ofan Hveragerðis. Ekkert kom þá fram sem benti til þess að sjálfskipting væri biluð, hvorki í upphafi prófunar, né heldur er bílnum hafði verið ekið þannig að vélbúnaður var á fullum og eðlilegum notkunarhita. Við þessa heimsókn var bíllinn ekinn 170.107 km.

Þann 23/05/2011 var komið með bílinn til Y og var þá sjálfskiptingin sannanlega biluð af völdum slits og bíllinn er ekinn 209.822 km. Engar kvartanir voru lagðar fram á akstursbilinu 170.107 km – 209.822 km, eða á um 40.000 km notkun.

Ekki verður fallist á það að sjálfskiptingin hafi bilað vegna galla, enda var ekkert sem fram kom á fyrri stigum sem skaut rótum undir það að hún væri biluð, þá hvorki af völdum galla eða slits, en slit er orsökina fyrir núverandi bilun.

X hefur verið gert tilboð í ísetningu verksmiðjuuppgerðar sjálfskiptingar. Tilboðið hljóðar upp á kr. 852.691 með vsk. og er opið.

Kröfum um að Y bæti tjón X með því að setja nýja sjálfskiptingu í bílinn, honum að kostnaðarlausu er hér með hafnað. Hinsvegar vonum við að hann sjái sér hag í því að taka tilboði okkar um sjálfskiptingu sem er verksmiðjuuppgerð samkvæmt sömu tæknilýsingu og kröfum, sem um nýjan hlut væri að ræða, með fullri ábyrgð í 24 mánuði eins og lög gera ráð fyrir, á verði sem aðrir geta líklega ekki boðið fyrir sambærilegan hlut íkominn.“

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaupkaup (nkpl.), sbr. 1. gr. laganna.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í b-lið 2. mgr. segir að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Þegar álitsbeiðandi keypti bifreiðina sumarið 2008 var hún rúmlega tveggja og hálfis árs gömul og ekin 155.000 km. Álitsbeiðandi kvartaði þá um haustið yfir sjálfskiptingunni og fór með bifreiðina til þjónustuverkstæðis seljanda sem ekki fann neitt að sjálfskiptingunni, en lagfærði aðra smávægilegri hluti. Í byrjun árs 2009 þegar álitsbeiðandi hafði átt bifreiðina í rúmt hálf ári fór bifreiðin inn til seljanda í ítarlegri bilanagreiningu vegna kvartana álitsbeiðanda yfir sjálfskiptingu. Bifreiðin var í höndum seljanda í sex daga án þess að eitthvað væri fundið að henni. Á þessum tímamarki var búið að aka bifreiðina rúma 170.000 km.

Samkvæmt gögnum málsins er það svo ekki fyrr en meira en tveimur árum síðar, í maí 2011, sem bifreiðin kemur aftur til seljanda og kvartað er yfir sjálfskiptingu. Þegar þarna er komið við sögu er bifreiðin orðin fimm og hálfis árs gömul og ekin tæplega 210.000 km. Í millitíðinni hafði bifreiðinni því verið ekið um 40.000 km. Nú var sjálfskiptingin sannanlega biluð og greinir aðila á um hver beri ábyrgð á kostnaði vegna þeirrar viðgerðar.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að eins og mál þetta er vaxið hafi ekki verið sýnt fram á að um galla í skilningi 15.-16. gr. nkpl. hafi verið að ræða. Ekkert fannst að sjálfskiptingunni þegar hún var ítarlega skoðuð í byrjun árs 2009 og ekki var kvartað frekar yfir henni þar til hún bilar alvarlega vorið 2011. Kærufndin álitur að samkvæmt gögnum málsins verði ekki séð að seljanda beri skylda til að útvega nýja sjálfskiptingu í bifreið álitsbeiðanda. Að mati nefndarinnar hefur ekki verið leitt í ljós að um galla hafi verið að ræða og engin viðhlítandi gögn sem skjóta rötum undir að svo hafi verið.

Að svo sögðu og með vísan til ofangreindrar umfjöllunar hafnar kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa kröfum álitsbeiðanda um að seljandi útvegi nýja sjálfskiptingu í bifreiðina án útgjalda fyrir álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir